

Reglur um verðupplýsingar veitingahúsa

1. gr.

Þeir sem veitingarekstur stunda skulu festa upp verðskrá á áberandi stað fyrir framan inngöngudyr veitingastaða sinna. Í verðskránni skal koma fram verð á algengustu vöru og þjónustu sem í boði er.

Þar sem upplýsingar um verð á drykkjarföngum koma fram skal einnig tilgreina magn.

Uppgefið verð skal í öllum tilvikum vera endanlegt verð með virðisaukaskatti og þjónustugjaldi.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað tilkynningar Samkeppnisstofnunar nr. 6/1994, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga.

Reykjavík, 25. september 1996